

SAMÞYKKT

Norðurþings um fiðurfé utan skipulagðra landbúnaðarsvæða.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Samþykkt þessi gildir um fiðurfé í Norðurþingi á svæðum öðrum en skipulögðum landbúnaðarsvæðum og skráðum lögbýlum.

Samþykktin er sett til að tryggja öryggi, hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna fiðurfjár í Norðurþingi.

Fiðurfé er samkvæmt samþykkt þessari allir fuglar af ættbálki hænsnfugla og andaætt. Jafnframt nær samþykktin yfir dúfnahald.

2. gr.

Leyfisveitingar og skilyrði.

Áður en fuglahald hefst skal sækja um leyfi fyrir fiðurfé á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Norðurþings. Telji sveitarstjórn að skilyrði til að halda fiðurfé séu fyrir hendi getur hún veitt lögráða einstaklingi eða lögaðila leyfi til tiltekins tíma, að jafnaði til 5 ára.

Óheimilt er að halda hana, álfir, gæsir, fasana eða annan fiðurfénað en þann sem um ræðir í 1. gr. þessarar samþykktar þar með talið gæsir og endur af villtum stofnum (t.d. grágæsir, heiðagæsir og stökkendur). Leyfilegt er að halda að hámarki 6 fugla á sömu lóð. Í sérstökum tilfellum er hægt að sækja um undanþágu sveitarstjórnar frá leyfilegum fjölda fugla. Ósk um undanþágu skal fylgja rökstuðningur um ástæður, aðbúnað og önnur atriði sem Norðurþing telur að skipti máli í hverju tilfelli fyrir sig samkvæmt leiðbeiningum sveitarfélagsins.

Skilyrði leyfisveitingar eru:

- a. Að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsyfyrvalda liggja fyrir nema skilyrði í g-lið í 2.3.5. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sé uppfyllt.
- b. Að fyrir liggja samþykki sameigenda eða leigjenda ef um fjöleignarhús er að ræða. Sama á við ef um er að ræða jörð eða fasteign í óskiptri sameign. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala.
- c. Að fyrir liggja samþykki íbúa þeirra húsa er liggja að lóðarmörkum umsækjanda þar sem hann hyggst halda fiðurfé.
- d. Ganga skal úr skugga um að fiðurfé hafi ekki verið sérstaklega bannað eða þinglýstar kvaðir séu á húseignum sem koma í veg fyrir að þar sé haldið fiðurfé.
- e. Að umsækjandi hafi ekki gerst brotlegur við lög um velferð dýra, nr. 55/2013.

3. gr.

Lausaganga.

Lausaganga fiðurfjár er með öllu óheimil og ber eigandi fulla vörsluskyldu.

Eiganda dúfna er heimilt að leyfa þeim flug til og frá vörslustað en verði af þeim óþægindi sem leiða til umkvörtunar skal leyfi viðkomandi endurskoðað, sbr. 8. gr.

Eigandi fiðurfjár er að öllu leyti ábyrgur fyrir fuglum sínum og ber að koma í veg fyrir að þeir valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar.

4. gr.

Handsömun.

Sleppi fuglar frá eiganda, eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama þá. Fiðurfé sem er laust, utan girðinga, skal færa í geymslu á vegum Norðurlþings. Ef fugla er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun er heimilt að ráðstafa þeim til nýs eiganda eða selja fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skulu þeir aflifaðir.

5. gr.

Kostnaður við handsömun.

Hafi fugl verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrir en að lokinni greiðslu áfallins kostnaðar. Sé eigandi ekki með leyfi til að halda fiðurfé skal afla leyfis og greiða fyrir það áður en afhending á sér stað.

Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflifun fiðurfjár skal að fullu greiddur af eiganda þess.

6. gr.

Aðbúnaður.

Um almennan aðbúnað og velferð dýra gilda ákvæði laga um velferð dýra, nr. 55/2013, og þar að lútandi reglugerð um velferð alifugla, nr. 88/2022, og reglugerð um velferð gæludýra, nr. 80/2016.

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til að vera með fiðurfé þarf að vera hæfilega stór kofi sem rúmar þann fjölda sem leyfi er veitt fyrir. Kofi fyrir sex fugla þarf að vera að lágmarki 3 m² að stærð.

Í kringum kofann skal vera fuglahelt gerði, hæfilega stórt gerði fyrir útiveru fuglanna sem fullnægir náttúrulegum þörfum þeirra samkvæmt reglugerð um velferð alifugla, nr. 88/2022, og reglugerð um velferð gæludýra, nr. 80/2016. Kofinn og gerðið skulu vera vel innan marka viðkomandi lóðar, að lágmarki 3 m. Kofinn skal vera meindýraheldur og fóður skal geymt í meindýraheldum ílátum. Til að fyrirbyggja að rottur og mýs komist í fóður skulu ílát vera í a.m.k. 35 cm hæð frá jörðu og vera u.þ.b. 60 cm djúp.

Aðgengi að vatns- og/eða sandbaði skal vera til staðar fyrir fuglana. Varðandi fóðrun, brynningu og almenna meðferð skal fylgja ákvæðum reglugerðar um velferð alifugla, nr. 88/2022.

7. gr.

Ónæði og þrifnaður.

Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða frá fiðurfé ber að hafa myrkur hjá því frá kl. 21.00 til kl. 7.00 alla daga.

Þrifa þarf kofa þar sem fiðurfé er haldið að lágmarki vikulega.

Skít skal fjarlægja við daglega umhirðu, hann má ekki safnast upp og honum skal farga eða nýta á löglegan hátt. Þegar mokað er úr húsum skal koma skít fyrir þannig að hann valdi ekki lyktarmengun. Þegar fuglaskítur er nýttur sem áburður skal plægja hann niður þannig að hann liggi ekki á yfirborðinu. Ef ekki er unnt að nýta skít skal flytja hann á söfnunar- eða móttökustöð fyrir úrgang til viðeigandi meðhöndlunar.

Eiganda fiðurfjár ber að sjá til þess að fuglahaldið laði ekki að meindýr og ber að gera ráðstafanir til að tryggja að meindýr komist ekki í fóður.

8. gr.

Afturköllun leyfis.

Sveitarstjórn getur afturkallað leyfi fyrir fiðurfé samkvæmt samþykkt þessari ef fuglahaldið veldur ónæði í umhverfinu, ofnæmi, leyfishafi hefur gerst brotlegur við lög um velferð dýra, nr. 55/2013, eða brotið er gegn samþykkt þessari.

9. gr.

Sjúkdómar.

Komi upp sjúkdómar eða smithætta sem að mati Matvælastofnunar og sóttvarnalæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra, ber að hætta fuglahaldi tafarlaust og farga fuglum í samráði við heilbrigðisnefnd.

10. gr.

Villt dýr.

Óheimilt er að laða að sér eða halda villt dýr samanber lög um velferð dýra, nr. 55/2013.

11. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með því að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt er í höndum heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Norðurþing fer með framkvæmd samþykktarinnar í umboði heilbrigðisnefndar. Norðurþing getur ráðið dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sínum hlutverk dýraeftirlitsmanna.

Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar, Matvælastofnunar og lögregluþyrvalda við að fjarlægja óleyfisdyr þegar þörf krefur, t.d. ef nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða heilbrigðis- og öryggissjónarmiða.

12. gr.

Þvingunarúrræði.

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer samkvæmt XVII. og XIX. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

13. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá í samræmi við 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, til að standa straum af kostnaði vegna framfylgdar á samþykkt þessari. Í gjaldskrá eru upplýsingar um leyfis- og eftirlitsgjöld og þann kostnað sem leyfishafi skal bera og kann að hljóta af handsömun, fôðrun og hýsingu fuglanna.

Gjöld vegna aðkomu heilbrigðiseftirlits greiðast samkvæmt gjaldskrá heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

14. gr.

Úrskurðarnefnd.

Um kæruheimildir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna samþykktar þessarar fer skv. 65. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

15. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og lofislagsráðuneytinu, 17. febrúar 2026.

F. h. r.

Kjartan Ingvarsson.

Trausti Ágúst Hermannsson.

B deild - Útgáfudagur: 4. mars 2026